

Reykjavík, 13. janúar 2014

**Niðurstöður athugunar hjá Valitor hf. á tilteknum þáttum í aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka**

Hinn 9. janúar 2013 hóf Fjármálaeftirlitið athugun hjá Valitor hf. Athuginin beindist að tilteknum þáttum í aðgerðum Valitor gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. lög nr. 64/2006. Í athugininni var lögð sérstök áhersla á innri reglur félagsins um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Niðurstöður athugunarinnar voru byggðar á upplýsingum og gögnum sem aflað var við athuginina og stöðunni eins og hún var á þeim tíma sem athuginin fór fram. Í samræmi við 9. gr. a laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi birtir Fjármálaeftirlitið niðurstöður nefndrar athugunar.

Niðurstöður athugunarinnar leiddu í ljós ákveðna efnislega annmarka á reglunum sem lagt hefur verið fyrir félagið að bæta úr. Af þeim upplýsingum og gögnum sem aflað var við athuginina og miðað við þá þætti sem teknir voru til athugunar er það mat Fjármálaeftirlitsins að innri reglur félagsins uppfylli almennt þær kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 64/2006, með síðari breytingum, reglugerðum og reglum settum samkvæmt þeim og leiðbeinandi tilmælum nr. 3/2011.